

ALTA  
Stefán Freyr Einarsson  
Suðurlandsbraut 12  
108 REYKJAVÍK

2008030106  
1604; 9310

Reykjavík, 15. maí 2008  
/--

**Efni: Mislæg vegamót Hringveggar við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ.  
Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Leirvogstungu ehf. og Ístaks hf. að matsáætlun um mislæg vegamót Hringveggar við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Alta ehf. dags. 26. mars 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Ístak og Leirvogstunga. Mislæg vegamót Hringveggar við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ. Alta ehf. og Fjölhönnun ehf. Mars 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, veiðimálastjórn Matvælastofnunar, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Bæjarstjórn Mosfellsbæjar með bréfi dags. 28. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 17. apríl 2008, veiðimálastjórn Matvælastofnunar með bréfi dags. 22. apríl 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. maí 2008 og Vegagerðinni með bréfi dags. 4. apríl 2008. Skipulagsstofnun barst einnig athugasemd Veiðimálastofnunar dags. 26. mars 2008, með milligöngu Alta ehf. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 23. apríl 2008 og 13. maí 2008.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Leirvogstungu ehf. og Ístaks hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Alta ehf. f.h. Leirvogstungu ehf. og Ístaks hf., dags. 23. apríl og 13. maí 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmd og starfsemi**

Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um afmörkun og áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Í frummatsskýrslu þarf að lýsa því hvernig að framkvæmdinni verður staðið án þess að hún hafi áhrif á farvegi Leirvogsár og Köldukvíslar. Tekið er undir ábendingu Umhverfisstofnunar um áhrif framkvæmdarinnar á brúarstæði vegna hugsanlegrar tvöföldunar brúa yfir Köldukvísl og Leirvogsá. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við hugsanlega tvöföldun framangreindra brúa þannig að þær framkvæmdir verði mögulegar án verulegra áhrifa á árfarvegina.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að í nýskipulögðu íbúðahverfi skuli allt gert til að hljóðstigi frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðar um hávaða og skilyrðislaust eigi að uppfylla. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði sýnt fram á hvernig ákvæði reglugerðar um hljóðvist verður náð og eftir atvikum að höfðu samráði við íbúa sem við það eiga að búa. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að fjalla þurfi um áhrif lækkaðs umferðarhraða á hljóstig, á tengibrautum og hringtorgi t.d. í 70 eða 80 km/klst. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hönnunarhraða gatnamótanna og tekur stofnunin undir þá ábendingu að kynnt verði niðurstaða varðandi hljóðvist fyrir mismunandi umferðarhraða á tengibrautum og hringtorgi. Í matsskýrslu þarf einnig að gera grein fyrir áhrifum sprenginga á hljóðvist í næstu íbúðarbyggð.

Í kafla 4.6 er fjallað um áhrif á náttúrufar. Í athugasemd sem Skipulagsstofnun barst, fyrir milligöngu Alta ehf., frá Veiðimálastofnun er bent á mikilvægi þess að Kaldakvísl og Leirvogsá verði ekki fyrir áhrifum af ofanvatni, hvorki á framkvæmdatíma eða að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun tekur undir að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir hvernig komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif á árnar bæði á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum.

Í kafla 4.9 er fjallað um loftgæði. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að umferð muni aukast þegar aðliggjandi hverfi hafa byggst og þar með loftmengun en framkvæmdaraðili telur mengun minnka með greiðari umferð. Skipulagsstofnun bendir á að um þetta þarf að fjalla í frummatsskýrslu. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á þá mótvægisáðgerð að nota dekkjaþvottavélar áður en vinnuvélar aka út á þjóðveginn til að minnka rykmengun. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu verði fjallað um rykmengun frá framkvæmdinni og mótvægisáðgerðir eftir því sem tilefni er til.

Í kafla 4.10 í tillögu að matsáætlun er fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að huga þurfi að sjónrænum áhrifum bergskeringa. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að gera nánari grein fyrir þessum þætti. Einnig þarf að sýna hvernig fyrirhugað er að láta hljóðmanir falla sem best að nærliggjandi umhverfi og sýna mismunandi kosti í gerð þeirra.

### **Skipulag og leyfi**

Í kafla 4.11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landnotkun. Fram kemur að framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram að framkvæmdin er einnig háð deiliskipulagi og hver staða þess er og einnig að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997.

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna Mosfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, veiðimálatjónnar Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Afrit: Leirvogstunga ehf., Ístak hf., Mosfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, veiðimálatjón Matvælastofnunar, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.